

Sýndarveruleiki sem verkfæri í námi fatlaðs fólks

Sýndarveruleiki er öflugt verkfæri til að auðvelda fólki að taka virkan þátt í hinum raunverulega heimi. Fjölmennt hefur boðið upp á námskeið í sýndarveruleika frá hausti 2021. Markmið námskeiðsins geta verið mismunandi enda gefur þessi tækni mjög mikla möguleika bæði til náms og upplifunar. Áhersla er þó alltaf lögð á virkni og frumkvæði þátttakenda og að finna leiðir fyrir þá til að velja og tjá skoðanir sínar og tilfinningar.



Mikilvægt er að markmiðin séu skýr með notkun sýndarveruleika í námi

Markmið með notkun sýndarveruleika í námi fatlaðs fólks geta t.d. verið:

- Að skapa aðstæður til að þátttakandi geti æft sig í að velja og tjá skoðun sína.
- Að búa til hvetjandi námsumhverfi til að fræðast um heiminn og eigin áhugamál.
- Að skapa róandi umhverfi sem gerir þátttakanda kleift að læra slökun.
- Að gefa færi á að upplifa spennandi aðstæður sem þátttakandi hefur ekki aðgang að í raunheiminum vegna hindrana í umhverfinu.
- Að læra að nýta tæknina í daglegu lífi, t.d. til að undirbúa ferðalög, skoða aðgengi og geta séð aðstæður fyrirfram og þannig öðlast meira öryggi.
- Að gefa fólki á einhverfurófi tækifæri til að æfa félagsleg samskipti í umhverfi sem er ekki ógnandi.
- Að gefa þátttakanda tækifæri til að veita öðrum, s.s. aðstoðarfólki og aðstandendum, innsýn í hans aðstæður.

Möguleikarnir til að nota sýndarveruleika á hagnýtan hátt í lífi fatlaðs fólks eru miklu fleiri en hér hafa verið nefndir eins og sjá má í eftirfarandi grein:

<https://www.abilitynet.org.uk/news-blogs/8-ways-virtual-reality-could-transform-lives-disabled-people>

